

Viðtöl við sérnámsgrunnslækna

Tilgangur

Viðtöl við sérnámsgrunnslækna eru fyrst og fremst hugsuð til þess að meta frammistöðu og líðan í starfi. Gagnlegt er að fá athugasemdir um það sem betur mætti fara með það að markmiði að bæta sérnámsgrunnssárið. Reynsla síðastliðinna ára sýnir að viðtöl af þessu tagi eru afar gagnleg.

Viðtalstíminn

Viðtölin fara fram a.m.k. einu sinni á ári og taka u.þ.b. 15 - 20 mínútur. Miðað er við að þau fari fram nálægt miðbiki námsársins. Yfirlæknir sérnámsgrunnslækna tekur flest viðtölin, en þegar það á við eru tekin viðtöl á Sjúkrahúsunum á Akureyri og Akranesi. Upplýsingar um viðtalstíma eru sendar í tölvupósti. Skyldumæting er í viðtölin og gert er ráð fyrir að sérnámsgrunnslæknir óski eftir leyfi frá störfum á meðan.

Umsagnar- og matsblöð og önnur skjöl sem óskað er eftir í ePortfolio-kerfinu

Farið verður yfir umsagnir og skjöl sem borist hafa inn í ePortfolio-kerfið.

ePortfolio-kerfið – mikilvægi á jöfnum skilum yfir árið

ATHUGIÐ að á hverju 2ja mánaða tímabili á sérnámsgrunnssárinu er reiknað með að námslæknir safni (sendi út beiðnir) að lágmarki: 2 MCR frá sérfræðilæknum og 2 - 4 vinnutengdum matsblöðum (MiniCEX, CbD eða DOPS). Á sama hátt þarf að skila matsblöðum jafnt og þétt á heilsugæsluhlutanum. Ef því tímabili er skipt á milli tveggja heilsugæslustöðva þarf að ljúka u.þ.b. helmingnum af tilskyldum matsblöðum á hvorri stöð fyrir sig.

Það má reikna með að lengja þurfi sérnámsgrunnssárið ef misbrestur er á þessu.

Varðandi skilyrði fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunnssári

Í viðtalinu verður farið yfir skil á gögnum sem hafa borist inn á ePortfolio-svæði viðkomandi og hvort þeim hafi verið safnað jafnt og þétt yfir árið. Farið verður yfir mætingu í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna, skil á gátlista við upphaf starfs og staðfestingar á lokum tímabils frá heilsugæslunni og öðrum sjúkrahúsum þegar það á við. Sérnámsgrunnslæknir þarf að hafa upplýsingar um fjarvistir það sem af er árinu og hugsanlegar fjarvistir það sem eftir er ársins. Sérnámsgrunnslæknir þarf að geta gert grein fyrir því hvernig hann muni sjá til þess að öllum atriðum lokagátlistans sé mætt á námsárinu. Gátlisti með skilyrðum fyrir lokum sérnámsgrunnss er að finna á heimasíðu sérnámsgrunnslækna.

Viðtöl við sérnámsgrunnslækna sem lærðu erlendis

Tekið er stutt viðtal eftir u.þ.b. 4 – 6 vikur í starfi á sérnámsgrunnssári til að heyra hvernig gengið hefur í upphafi tímabilsins og til að geta brugðist við ef þörf er á stuðningi.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ingimarsdóttir, menntadeild.

Netfang: sigruni@landspitali.is, sími: 543-1475